

**K J A R A S A M N I N G U R**  
milli Heilbrigðisnefndar Vestfjarða (HVEST)  
og  
félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)  
um kjara- og réttarstöðu félagsmanna FÍN.

**1. gr.**

*Gildissvið*

Kjarasamningur þessi tekur til þeirra starfsmanna ofangreinds vinnustaðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, sem eru félagar í Félagi íslenskra náttúrufræðinga og eru þeir nefndir félagsmenn í samningi þessum.

**2. gr.**

*Meginefni*

Um kjör félagsmanna sem samningur þessi tekur til og samskipti aðila samnings þessa skal fara eftir öllum form- og efnisákvæðum kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga við fjármálaráðherra á hverjum tíma svo og fylgiskjöldum og bókunum eftir því sem við á nema öðruvísi sé sérstaklega um samið í kjarasamningi þessum við Heilbrigðisnefnd Vestfjarða. Breytingar í ráðningarsamningi félagsmanni í óhag eru ógildar, sbr. 24. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

**3. gr.**

*Önnur réttindi*

Um kjör félagsmanna og réttindi fer einnig að breyttu breytanda eftir eftirfarandi samningum ríkisins við BHM f.h. aðildarfélaga þess:

- a) Samkomulagi um trúnaðarmenn, dags. 9. janúar 1989, milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BHMR f.h. aðildarfélaga.
- b) Samkomulagi um starfshaetti samstarfsnefnda, dags. 9. janúar 1989, milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og BHMR f.h. aðildarfélaga.
- c) Samkomulagi um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör milli fjármálaráðherra annars vegar og ASÍ, BHM og BSRB hins vegar, dags. 25. júní 1996 (sbr. reglur nr. 351/1996).
- d) Samkomulagi um lágmarksreglur um auglýsingar á lausum störfum samkvæmt 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins milli fjármálaráðherra annars vegar og ASÍ, BHM og BSRB hins vegar, dags. 12. ágúst 1996 (sbr. reglur nr. 464/1996).
- e) Samningi um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, dags. 23. janúar 1997, milli fjármálaráðherra f.h. ríkisins, Reykjavíkurborgar og Launaneftdar sveitarfélaga annars vegar og ASÍ, BHM, BSRB og KÍ hins vegar.
- f) Samningi um rétt þungaðra kvenna til mæðraskoðunar, dags. 13. ágúst 1999, milli fjármálaráðherra og BHM.

*CH*

#### **4. gr.**

##### *Réttarstaða*

Réttindi og skyldur félagsmanna í starfi hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða skulu að öllu leyti vera hliðstæð réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalaga), svo og stjórnsýslulögum nr. 37/1993, þ.m.t. samkvæmt form- og efnisreglum, sem stofnun ber að virða áður en gripið er til uppsagnar, að undangenginni áminningu ef við á, sbr. 21. og 44. gr. starfsmannalaga, svo og skyldu stofnunar til þess að rökstyðja uppsögn og áminningu. Kærustig samkvæmt 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 20. gr., 5. mgr. 26. gr., 2. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 44. gr. er stjórn sjálseignarstofnunarinnar.

#### **5. gr.**

##### *Efni ráðningarsamnings*

Við ráðningu félagsmanna er skylt að nota til þess gerðan ráðningarsamning, sem báðir aðilar viðurkenna. Í ráðningarsamningi skal auk tilvisunar í starfslýsingu tilgreina starfsheiti, laun, greiðslutímabil launa, vinnutímafyrirkomulag, vinnutíma, vinnustað, upphafstíma ráðningar svo og lokadag sé ráðning tímabundin, starfsaldur, og önnur starfskjör, svo og stéttarfélag, sem starfsmaður velur. Að öðru leyti vísast í samkomulag um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör milli fjármálaráðherra annars vegar og ASÍ, BHM og BSRB hins vegar, dags. 25. júní 1996 (sbr. reglur nr. 351/1996).

#### **6. gr.**

##### *Lífeyrissjóðsaðild*

Félagsmenn skulu vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og greiða 4% iðgjald til LSR. Stofnunin greiðir mótframlag til LSR samkvæmt reglum LSR á hverjum tíma, nú 11,5% í A-deild, og ber þá ábyrgð á skuldbindingum sem lög um LSR, samþykktir LSR og ákvarðanir stjómar og starfsnefndar LSR á hverjum tíma fela í sér. Félagsmenn greiða 2% eða 4% í séreignasjóð aðeigin vali, kjósi þeir svo, en vinnuveitandi greiðir 2% mótframlag.

#### **7. gr.**

##### *Sjóðsaðild*

Aðild félagsmanna að öðrum sjóðum á vegum BHM - Orlofssjóði BHM, Starfsmenntunarsjóði BHM, eldri deild, nýum Styrktarsjóði BHM, svo og Fjölskyldu og styrktarsjóði opinberra starfsmanna - er óbreytt og sem endranær háð greiðslu sjóðsframlags samkvæmt gildandi kjarasamningi sem vísað er til í samningi þessum.

#### **8. gr.**

##### *Gildistími*

Gildistími kjarasamnings þessa er sá sami og gildistími kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga við fjármálaráðherra eins og hann er á hverjum tíma.

**9. gr.**

*Lagarammi*

Um samskipti aðila kjarasamnings þessa þ.m.t. réttarstöðu trúnaðarmanna, samstarfsnefndir, gerð kjarasamninga og vinnudeilur gilda þeir samningar, sem vísað er til í samningi þessum, svo og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 2. gr. laganna.

**10. gr.**

*Betri réttur*

Félagsmenn, sem notið hafa betri réttinda en samningur þessi gerir ráð fyrir, skulu halda þeim óskertum.

Staður og dagsetning 16. 10 2007

Samþykkt f.h. Heilbrigðisnefndar Vestfjarða  
með fyrirvara um samþykki stjórnar,

Jón Reynir Sigurðsson

f.h. Félags íslenskra náttúrufæðinga

Guðrún Þ. Þórssdóttir

Þórdís Þórssdóttir

Rath